

Fundargerð 537

Fimmtudaginn 6. júní 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Oddný Árnadóttir (OÁ). Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 5), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs, Þorkell Stefánsson (ÞS) sérfræðingur á þróunarsviði og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 13:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar
 - a) Skýrsla um framfylgd jafnréttisáætlunar - til kynningar
 - b) Endurskoðuð jafnréttisáætlun - til afgreiðslu
2. Endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar
 - a) Skipun endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar - til afgreiðslu
 - b) Starfsreglur endurskoðunarnefndar - til afgreiðslu
3. Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa - til afgreiðslu
4. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
5. Aflamark Byggðastofnunar
 - a) Staðan á úttekt Ríkisendurskoðunar - til kynningar
 - b) Staðan á umsóknarferli um nýja samninga - til kynningar
 - c) Uppfærsla á vali byggðarlaga - til afgreiðslu
 - d) Uppfærsla á verklagsreglum - til afgreiðslu
6. Póstmál - til kynningar
7. Starfsmannastefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu
8. Lánamál
 - a) Lánsúmsókn - til afgreiðslu
 - b) Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
9. Óstaðbundin störf - til kynningar
10. Samanburður á fasteignagjöldum - til kynningar
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar

- a. *Skýrsla um framfylgd jafnréttisáætlunar - til kynningar*

Fyrir fundinum liggur minnisblað um framfylgd jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar sem MH kynnti.
- b. *Endurskoðuð jafnréttisáætlun - til afgreiðslu*

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs, tillaga að jafnréttisáætlun Byggðastofnunar og framkvæmdaáætlun jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar sem MH kynnti.

Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar var síðast staðfest árið 2021 og skv. henni og 5. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna ber að endurskoða hana á þriggja ára fresti.

Ekki eru lagðar til breytingar á núverandi jafnréttisáætlun og lagt til að hún verði staðfest.

Formaður bar upp Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar og var hún samþykkt samhljóða.

2. Endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar

a. Skipun endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs um skipan í endurskoðunarnefnd stofnunarinnar sem MH kynnti.

Endurskoðunarnefnd fyrir Byggðastofnun starfar skv. IX. kafla A laga nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem segir að við einingu tengda almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd. Stjórn einingar ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.

Lagt er til að endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar verði skipuð eftirfarandi aðilum; Ágústa Katrín Guðmundsdóttir löggiltur endurskoðandi, Ása Kristbjörg Karlsdóttir og María Hjálmarsdóttir. Halldóra Hauksdóttir verði varamaður.

Formaður bar ofangreinda tillögu upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

b. Starfsreglur endurskoðunarnefndar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs og tillögur að breytingum á starfsreglum endurskoðunarnefndar sem MH kynnti.

Starfsreglur endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar voru síðast endurskoðaðar árið 2020. Ekki eru lagðar til umfangsmiklar breytingar á starfsreglunum. Aðallega erum að ræða breytingar sem snúa að uppfærslu á tilvísunum í lög og uppfærslur í samræmi við lagabreytingar og ákvæði um endurskoðun starfsreglnanna á a.m.k. þriggja ára fresti.

Til máls tóku KB og HKH.

Formaður bar upp starfsreglur endurskoðunarnefndar og voru þær samþykktar samhljóða.

3. Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs um staðfestingu á öryggisstefnum tengdum upplýsingaöryggi, stefnur Byggðastofnunar tengdar upplýsingaöryggi og leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila sem MH kynnti.

Skv. leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2019 skal stjórn eftirlitsskylds aðila setja stefnu eða eftir atvikum stefnur þar sem fram koma m.a. markmið með og öryggiskröfur til reksturs upplýsingakerfa.

Öryggisnefnd Byggðastofnunar yfirför aðgangsstefnu, fjarvinnustefnu, útvistunarstefnu, öryggisstefnu og öryggisafritunarstefnu á sérstökum fundi og leggur til við stjórn að þær verði staðfestar.

Formaður bar ofangreinda tillögu upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

4. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar sem SEÐ kynnti.

Til máls tóku GHM, MaH, AME, HP og KB.

5. Aflamark Byggðastofnunar

RR kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið.

a. *Staðan á úttekt Ríkisendurskoðunar - til kynningar*

...

b. *Staðan á umsóknarferli um nýja samninga - til kynningar*

RR upplýsti að 21 umsókn hefði borist um aflamark Byggðastofnunar. Umsóknarfrestur rann út 28. maí. Núna er verið að fara yfir umsóknirnar og er gert ráð fyrir að leggja tillögur að úthlutun fyrir fund stjórnar í lok júní.

c. *Uppfærsla á vali byggðarlaga - til afgreiðslu*

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og Reinhards Reynissonar sérfræðings á þróunarsviði Byggðastofnunar sem AME kynnti.

Við yfirferð á gildandi samningum um aflamark Byggðastofnunar í ljós að samningurinn á Flateyri er með gildistíma út fiskveiðiárið 2024/2025. Því er ekki unnt að auglýsa úthlutun aflamarks Byggðastofnunar að nýju þar nú og voru auglýsingar um aflamarkið uppfærðar í samræmi við það.

Vegna afgreiðslu stjórnar á síðasta fundi, þar sem Flateyri var inn í tillögunni, er nauðsynlegt að endurskoða afgreiðslu stjórnar hvað varðar úthlutun til skilgreindra byggðarlaga og taka Flateyri út af þeim lista.

Lagt er til að stjórn samþykki með vísan til afgreiðslu sinnar á fundi nr. 536 um val á byggðarlögum vegna aflamarks Byggðastofnunar skv. 8. lið fundargerðar og minnisblaðs þessa að úthlutun nú nái ekki til Flateyrar - enda þar gildandi samningur.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

d. *Uppfærsla á verklagsreglum - til afgreiðslu*

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs um verklagsreglur um aflamark Byggðastofnunar og aflamarksnefnd, uppfærðar tillögur að verklagsreglum um aflamark Byggðastofnunar og aflamarksnefnd og verklagsreglur um aflamark frá árinu 2019 sem HÁ kynnti.

Í drögum að úttekt Ríkisendurskoðunar á aflamarki Byggðastofnunar eru settar fram ábendingar um það sem betur má fara í stjórnarsýslu varðandi ráðstöfun byggðakvóta. Flestar ábendingar Ríkisendurskoðunar lúta að stjórnarsýslu varðandi ráðstöfun almenns byggðakvóta en einni er beint að Byggðastofnun. Ábendingin snýr að því að Ríkisendurskoðun telur að uppfæra þurfi verklagsreglur Byggðastofnunar um aflamark.

Til að bregðast við þessari ábendingu eru lagðar fram uppfærðar verklagsreglur um aflamark Byggðastofnunar og aflamarksnefnd sem lagt er til að stjórnstofnunarinnar staðfesti.

Til máls tóku ÓH og OÁ.

Formaður bar upp verklagsreglur um aflamark Byggðastofnunar og aflamarksnefnd og voru þær samþykktar samhljóða.

RR vék af fundi.

Formaður gerði hlé á fundi kl. 13:56 og var fundi svo framhaldið kl. 14:02

6. Póstmal - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs um verkefni stofnunarinnar tengdum stjórnarsýslu póstmála, auk kynningar á póstmálum á Íslandi fyrir þingnefnd norska stórþingsins sem fjallar um framtíð alþjónustu í Noregi, sem HÁ kynnti.

Til máls tóku HB, ÓH, GHM og OÁ.

7. Starfsmannastefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur ný starfsmannastefna Byggðastofnunar sem er uppfærsla á starfsmannastefnu frá árinu 2013 sem AME kynnti.

Formaður bar upp starfsmannastefnu Byggðastofnunar og var hún samþykkt samhljóða.

8. Lánamál

a. Lánsúmsókn - til afgreiðslu

...

b. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir lánaákvæðanir lánanefndar og fundargerðir nefndarinnar nr. 20/24-23/24 sem HP reifaði.

Til máls tóku ÓH, AME, HP, GHM og HÁ.

9. Óstaðbundin störf - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað formanns stjórnar um óstaðbundin og staðbundin störf í landbyggðunum, átaksverkefni Byggðastofnunar á grunni byggðaáætlunar.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Fyrir liggur stefnumörkun stjórnvalda um hækkun hlutfalls opinberra starfa í landsbyggðunum. Þá liggur fyrir staðfest aðgerð á stefnumarkandi byggðaáætlun með eyrnamerkum fjármunum til næstu 3ja ára (alls 298 m.kr.).

Stjórn leggur til að tekið verði saman minnisblað með tillögum um útfærslu ramma og verklags til að hækka hlutfall óstaðbundinna starfa með því að gera fýsilegt að hækka hlutfall starfsstöðva í landsbyggðunum með því að færa rekstrareiningar út í byggðir landsins.

Stefnt verði að því að taka málið upp á fundi stjórnar í ágúst nk. með það að markmiði að koma málinu til framkvæmdar eigi síðar en í október 2024.

Til máls tóku GHM, HB, HKH, MaH, KB, SEÞ og AME.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

10. Samanburður á fasteignagjöldum - til kynningar

ÞS kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti nýjan samanburð á fasteignagjöldum.

Til máls tók HB.

ÞS vék af fundi.

11. Önnur mál

Engin önnur mál rædd

12. Næsti fundur

Næsti fundur verður 25. júní á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 15:51

Magnús Helgason fundarritari.

Óli Halldórsson

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Oddný Árnadóttir